

4
2. apríl

Opið brjef

um

að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur
ríkisstjóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vjer ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins Harald Christian Frederik, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. apríl 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.